

**Fylgiskjal A með samstarfssamningi UDN og Dalabyggðar**

Í samræmi við lið 2 í samstarfssamningi Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN) og Dalabyggðar tekur UDN að sér að úthluta starfsstyrkjum til aðildarfélaga sinna, sem starfandi eru innan Dalabyggðar, samkvæmt reglum þessum.

**1. grein**

Stjórn UDN ráðstafar styrk Dalabyggðar til UDN. Stjórnin ákveður, samkvæmt eftirfarandi reglum, greiðslur til aðildarfélaga sinna og deilda sem hafa starfssvæði innan Dalabyggðar.

**2. grein**

Fyrir 1. febrúar skal UDN birta á vef sínum auglýsingu vegna umsókna um starfsstyrki. Einnig skal UDN senda auglýsingu um sama mál á aðildarfélög sín og deildir sem starfa í Dalabyggð. Umsóknir skulu hafa borist UDN fyrir 1. mars. Greiðsla styrkja fer fram einu sinni á ári, sem næst 1. apríl ár hvert.

**3. grein**

Um starfsstyrki geta sótt félög og deildir þeirra í Dalabyggð, sem sinna íþróttá-, félags- eða fræðslustarfi innan UDN eða hafa með höndum aðra sambærilega starfsemi. Megináhersla er lögð á að styrkja starf með börnum og unglingum yngri en 16 ára og að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi. Starfsemin þarf að fara fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglunga.

Skilyrði er að félag hafi starfað í a.m.k. 2 ár og staðið skil á lögformlegum skyldum sínum t.d. haldið aðalfund, lagt fram ársskýrslu, ársreikninga o.s.frv.

**Umsókn skal fylgja:**

- a) Yfirlit yfir fjölda iðkenda og aldursskiptingu þeirra. Samkvæmt reglugerð Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands er iðkandi sá félagsmaður í íþróttá- eða ungmennafélagi sem stundar eina eða fleiri íþróttagreinir á vegum félagsins.
- b) Yfirlit yfir fjölda skipulagðra æfinga og lengd þeirra.
- c) Yfirlit yfir menntun og reynslu leiðbeinenda, ásamt markmiðum með starfi þeirra.
- d) Áætlanir um umfang starfsins og helstu verkefni.
- e) Upphæð sem sótt er um og í hvað henni skal varið.

**4. grein**

Standi fleiri en eitt félag fyrir æfingum í sömu íþróttagrein á sama æfingasvæði skulu þau sækja sameiginlega um styrk vegna þeirrar íþróttagreinar.

**5. grein**

Allir sem hljóta styrk skulu skila skýrslu til stjórnar UDN eftir að verkefni lýkur. Skýrslan skal innihalda nýtingu styrks, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur.

**6. grein**

Hlutföll og reglur um skiptingu starfsstyrkja skal endurskoða árlega á sambandsþingi UDN.